

22. fundur Byggingarnefndar leik og grunnskólans á Kleppjárnsreykjum.

Fjarfundur haldinn 29. Október 2020 klukkan 15:00

Mætt voru: Guðmundur Freyr Kristbergsson, Magnús Smári Snorrason, Orri Jónsson, Krístrún Snorradóttir, Hlökkver I. Gunnarsson, Kristján F. Kristjánsson, Benedikt Magnússon, Þórdís S. Sigurðardóttir, Sjöfn Vilhjálmisdóttir, Helga Jensína Svavarsdóttir, Sólrún Halla Bjarnadóttir.

Fjarverandi: Pálmi Þór Sævarsson

Fundarstjórn: Guðmundur Freyr Kristbergsson

- **Staða framkvæmda á leikskólalóð og næstu skerf.**

Benedikt fór yfir verkstöðu framkvæmda í lóðinni (fylgiskjal með fundargerð) en um það bil 60 % af verkinu er lokið. Steypuvinna að klárast og verið að vinna í pöllum og undirbúa smíði á girðingu umhverfis lóðina. Búið er að panta öll leiktæki en þau eru ekki komin á staðinn. Ljóst er að verkið er komið yfir kostnaðaráætlun. Fjárhagsáætlun tók mið af frumkostnaðaráætlun sem hljóðaði upp á 41.926.162 kr og voru settar 40 Mkr. í verkið og unnið út frá því. Ef farið verður eftir hönnun til hins ítrasta stefnir kostnaður í 75-100 Mkr. Kynnti Benedikt tillögur að því hvernig hægt er að ná kostnaði niður. Byggingarnefndin leggur áherslu á að ná niður kostnaði og felur BM, GFK og KFK að vinna áfram að þeim tillögum sem fram komu. Ljóst er þó að verkið er það langt komið að erfitt er að breyta verkinu stórkostlega nema mögulega í efnisvali og lengja verktíma milli ára. Eins er lögð á það áhersla að flýta eins og kostur er framkvæmdum og þá mögulega bráðabýrðalausnum í lóð sökum þess hver áliðið er svo hægt sé að opna leikskólann sem fyrst en jafnframt tryggja að endanleg yfirborðsefni verði sett á eins fljótt og mögulegt er.

Byggingarnefnd leggur til við byggðarráð að sett verði aukið fjármagn á þessu ári í verkið svo hægt verði að gera lámarks framkvæmdir til að koma lóðinni í nothæft ástand.

- **Staða framkvæmda við sparkvöll.**

BM kynnti stöðu framkvæmda við sparkvöll. Búið er að móta malarpúða undir völinn en við nánari athugun þarf að láta hana stoðvegg eða mögulega sökkulveggi til að halda við jarðveginn. Byggingarnefndin fól BM að láta hana og fá kostnaðarmat á verkið. Búið að hana snjóbræðslukerfi og unnið að smíði súlna sem koma umhverfis völinn. Ekki er talið skinsamlegt að leggja gervigrasið fyrr en með vorinu.

- **Grunnskólahúsnæði.**

Rætt um kostnað við að setja kerfisloft í kennslustofu þar sem miðstig skólans er nú. KFK falið að kanna kostnað við verkið og hvort það rúmist ekki innan þess fjármagns sem var sett í grunnskólahúsnæðið.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl. 16:00